

Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjanesbæ

1.gr. Markmið

Markmið samþykktar þessarar er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs í Reykjanesbæ valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, stuðli að endurnotkun og endurnýtingu og góðri þjónustu við íbúa. Kalka Sorpeyðingarstöð s.f. (sameignarfélag sveitarfélaganna á Suðurnesjum), hér eftir Kalka, annast meðhöndlun úrgangs fyrir Reykjanesbæ ásamt Grindavík, Suðurnesjabæ og Vogum, hér eftir sveitarfélögin.

Horft verður til úrgangspríhyrningsins í meðhöndlun úrgangs, áhersla lögð á úrgangsforvarnir og mengunarbótareglan höfð að leiðarljósi við ákvörðun gjaldtöku vegna meðhöndlunar úrgangs.

2.gr. Gildissvið

Samþykkt þessi gildir fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs í Reykjanesbæ. Kalka sér um að semja við þjónustuverktaka fyrir hönd sveitarfélaganna fjögurra sem nefnd voru hér að framan.

Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fjögurra sorpsamlaga á Suðvesturlandi er lögð til grundvallar samþykkt þessari.

3. gr. Umsjón og eftirlit

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar fer með ákvörðunarvald og ber ábyrgð á málefnum er varða meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu. Umhverfis- og framkvæmdasvið fer með daglega yfirstjórn málaflokksins samkvæmt samþykkt þessari.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs skv. 2. mgr. 4. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum og samkvæmt reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og að farið sé að samþykkt þessari.

4. gr. Almenn ákvæði

Sveitarfélagið Reykjanesbær ber ábyrgð á sérstakri söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs í sínu sveitarfélagi. Sveitarfélagið uppfyllir lagalegar skyldur sínar m.a. með því að setja reglur um söfnun úrgangs í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Sveitarfélagið tryggir nauðsynlega þjónustu við íbúa sína með söfnun úrgangs frá heimilum, grenndarstöðvum og móttökustöðvum. Kalka sér um samskipti og samninga við þjónustuverktaka fyrir hönd sveitarfélagsins og uppfyllir þannig ákvæði gildandi laga. Rekstraraðilar skulu hafa starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti eða Umhverfisstofnun eftir því sem við á.

Gæta skal þess að ekki hljótist af mengun eða annar skaði fyrir umhverfi og að úrgangurinn uppfylli þær kröfur sem settar eru og við eiga, s.s. um flokkun og takmörkun á aðskotahlutum, þannig að úrgangurinn henti til endurnýtingar.

Meðhöndlun úrgangs í Reykjanesbæ skal vera samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar, laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 803/2003 um meðhöndlun úrgangs.

5. gr. Flokkun úrgangs

Sú skylda hvílir á handhafa úrgangs, hvort sem það er sá sem úrgangurinn fellur til hjá eða sá sem hefur hann undir höndum, að færa úrganginn til viðeigandi meðhöndlunar, annað hvort beint til endurnýtingar eða á grenndar- eða móttökustöð. Einstaklingum og lögaðilum er skylt að flokka heimilis- og rekstrarúrgang í samræmi við reglur um sérsaka söfnun.

Íbúum er skylt að flokka í fjóra aðskilda flokka við heimili og tryggja að gæði endurvinnsluefna verði eins og best verður á kosið. Brjóti íbúar gegn ákvæði þessu er þjónustuverktaka heimilt að tæma ekki tunnuna. Ábyrgðin fellur þá á eigendur að lagfæra innihald hennar þannig að það verði sannarlega eins og flokkun kveður á um. Tunnan verður þá tæmd í næstu tæmingu sem kemur á eftir. Einnig geta íbúar flokkað innihaldið og farið með á móttökuplön og komið því í rétta meðhöndlun. Hafa skal í huga að ef tunnur standa opnar í lengri tíma getur það haft þau áhrif að endurvinnsluefnin teljist ónothæf og getur það leitt til þess að tunnan verði ekki tæmd. Það er á ábyrgð íbúa að tryggja að sú staða komi ekki upp.

6. gr. Geymslur og gerði fyrir söfnun úrgangs

Kalka lætur heimilum í té úrgangsilát og annast þjónustu við ílátin. Húsráðendur skulu ganga þannig frá ílátum, geymslum og -gerðum að þau valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Halda skal þeim við eftir þörfum og þau hreinsuð reglulega. Geymslur og -gerði skulu uppfylla kröfur í byggingarreglugerð og þau má eingöngu nota til geymslu úrgangs.

Við fjölbýlishús er möguleiki að setja niður djúpgáma og skal sækja um byggingarleyfi á vef Reykjanesbæjar áður en framkvæmdir hefjast. Djúpgámar skulu uppfylla kröfur sem fjallað er um í Samþykkt um djúpgámalausnir í Reykjanesbæ.

7. gr. Söfnun heimilisúrgangs

Stjórn Kólku ákvarðar hirðutíðni úrgangsflokka og ber undir sveitarfélögin til samþykktar. Hirðutíðni skal kynnt öllum íbúum svæðisins með þar til gerðu hirðudagatali. Á hirðudagatalinu skal koma fram hvenær úrgangi er safnað á hverjum stað fyrir sig skal það vera aðgengilegt á heimasíðu Kólku.

Reykjanesbær skal upplýsa íbúa um flokkun úrgangs á þeirra svæði t.d. með birtingu á heimasíðu eða með öðrum leiðum. Fjöldi flokka hverju sinni miðast við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Skylt er að safna fjórum flokkum við húsvegg og eru þeir; blandaður úrgangur, matarleifar, pappi / pappír og plastumbúðir. Að auki er málmum, gleri og textíl safnað á grenndarstöðvum og móttökustöðvum Kólku. Upplýsingar um staðsetningar á grenndarstöðvum og móttökustöðvum er að finna á heimasíðu Kólku. Reykjanesbær getur ákveðið að tekin verði upp móttaka á öðrum tegundum úrgangs sjái það ástæður til þess að undangenginni tilkynningu þess efnis.

Kalka sér um að koma ílátum fyrir þessa fjóra flokka við hvert íbúðarhús þar sem notast skulu samræmdar merkingar frá FENÚR. Allar íbúðir skulu flokka í þessa fjóra flokka við húsvegg og skal miða við að hver íbúð hafi þrjár 240 lítra tunnur sem skiptast svona; 240 lítra tunnu fyrir pappír / pappa, 240 lítra tunnu fyrir plastumbúðir og 240 lítra tvískipta tunnu sem skiptist

í 144 lítra fyrir blandaðan úrgang og 96 lítra fyrir matarleifar. Útfærslur í fjölbýlum fara eftir aðstæðum á hverjum stað fyrir sig en miða skal við rúmmálið sem gefið er upp hér að framan.

Flokkaður úrgangur skal meðhöndlaður þannig að hann blandist ekki öðrum úrgangsflokkum. Flokkaðan úrgang skal geyma og meðhöndla þannig að gæði hans við væntanlega endurnýtingu skerðist sem minnst. Við söfnun á matarleifum skal notast við bréfpoka. Tryggja skal að gengið sé þannig frá tunnum að hvorki geti fokið úr þeim eða að þær fjúki. Meðhöndlun úrgangs má ekki valda lyktarópægindum, draga til sín meindýr eða skapa hreinlætisvandamál. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Húsráðandi skal gæta þess að ílát séu tryggilega fest, lok séu á sínum stað, ílátin séu þrífín og almennt vel við haldið. Festingar íláta mega ekki hamla losun þeirra. Gott aðgengi skal vera að ílátunum og skal húsráðandi moka snjó frá þeim ef þörf krefur vegna söfnunar. Auðvelt skal vera að keyra ílátin að söfnunartæki og miða skal við að ekki þurfi að draga ílátin lengra en 15 metra að lóðamörkum/aðkomu söfnunarbíls. Sorpílát skulu jafnan standa lokuð og ekki fyllt meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

Ef úrgangsílát skemmast eða hverfa munu eigendur fá rúkkun fyrir raunkostnaði vegna viðhalds.

8. gr. Rekstrarúrgangur

Rekstraraðilum er skylt að flokka þann úrgang sem til fellur hjá þeim í samræmi við lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins í samþykkt þessari. Þeir bera ábyrgð á því að úrgangur sem til fellur í starfsemi þeirra sé meðhöndlaður í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðum settum samkvæmt þeim og skulu rekstraraðilar standa straum af kostnaði vegna þess. Samkomulag um söfnun, aðra meðferð og förgun úrgangs er á milli rekstraraðila og framkvæmdaraðila söfnunar.

Rekstraraðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi sem fellur til við reksturinn í viðeigandi meðhöndlun. Rekstraraðilar skulu fylgja kröfum sem gerðar eru um flokkun tiltekinna

úrgangsflokka frá blönduðum úrgangi og eftir því sem við á kröfum um sorpgerði og geymslur. Óheimilt er að geyma rekstrarúrgang á lóðum lengur en nauðsyn getur talið.

Í byggingarreglugerð, nr.112/2012, gr.2.3.8, er kveðið á um að byggingaraðilar skuli skila inn áætlun um meðhöndlun úrgangs á byggingarsvæði samhliða umsókn um byggingarleyfi. Við lok framkvæmda ber svo að skila inn rauntölum til sveitarfélagsins.

9. gr. Grenndar-, og móttökustöðvar

Í samræmi við markmið laga um meðhöndlun úrgangs, nr.55/2003 fer fram sérstök söfnun á gleri, málmum og textíl í nærumhverfi íbúa. Þessu er safnað á grenndarstöðvar sem staðsettar eru á nokkrum stöðum í Reykjanesbæ, nánari staðsetningar á þeim er að finna á heimasíðu Kölku. Á grenndarstöðvunum eru einnig gámar fyrir pappa / pappír og plastumbúðir sem íbúar geta notast við fyrir stærri umbúðir eða ef tunnur við heimili eru orðnar fullar. Öll losun á öðrum úrgangsstraumum á grenndarstöðvum er óheimil. Á móttökustöð Kölku er tekið á móti öllum helstu úrgangsflokkum, þ.m.t. spilliefnum o.fl. Rekstraraðilar geta farið með sinn úrgang á móttökustöðvar gegn gjaldi.

10. gr. Umgengni á almannafæri

Óheimilt er að skilja úrgang eftir á víðavangi, götum eða gangstéttum, við sorpgáma eða á opnum svæðum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslaus ökutæki, vélar, báta, kerrur, vinnuvélar, lausafjarmuni sem og önnur tæki eða sambærilega hluti.

11. gr. Gjaldtaka

Sveitarstjórnir skulu innheimta gjöld fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við ákvæði 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarstjórnnum heimilt að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna, svo sem fræðslu- og kynningarmál. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá með heimild í 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Skylt er að innheimta gjald sem næst raunkostnaði fyrir viðkomandi þjónustu, svo sem með því að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélaginu er heimilt að færa innheimtu gjalda á milli úrgangsflokka í því skyni að stuðla að markmiðum laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Jafnframt er sveitarfélaginu heimilt að hluti gjaldsins verði fast gjald; 50% til og með 31.12.2024 og 25% frá og með 01.01.2025. Gjöld skulu lögð á hverja fasteignareiningu sem nýtir framangreinda þjónustu.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar. Sveitarstjórn er heimilt að haga gjaldskrá fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs með þeim hætti að það hvetji til að draga úr magni úrgangs sem fer til brennslu og urðunar.

Heimilt er að leggja sérstakt gjald á eigendur lögbýla sem halda búfé á jörð sinni vegna söfnunar og förgunar dýraleifa.

12. gr. Kvartanir, ábendingar og kærur

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna hirðingar úrgangs, skal hann koma henni skriflega, eða á annan skýran hátt, á framfæri við þjónustuverktaka.

Húsráðendum er skylt að flokka úrgang í viðeigandi úrgangsflokka sem safnað er við húsnæði þeirra. Að öðrum kosti er þjónustuverktaka heimilt að skilja úrganginn eftir.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu úrgangs skal þjónustuverktaki söfnunar tilkynna það til Kólku. Kalka og Reykjanesbær skora þá á húseigandann að bæta ráð sitt. Bæti húsráðandi ekki úr innan tiltekins frests er þjónustuverktaki söfnunar ekki skyldugur til að taka úrgang hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt. Sé um ítrekað brot að ræða og uppsöfnun á úrgangi er á þann hátt að hætta sé á mengun í umhverfi eða óþæginda fyrir almenning skal Reykjanesbær tilkynna það til heilbrigðisnefndar Suðurnesja sem gera skal viðeigandi ráðstafanir sem fjallað er um í XVII. Kafla í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr.7/1998.

Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja er þá heimilt að innheimta tímagjald fyrir þá íhlutun í samræmi við gjaldskrá embættisins.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt samþykkt þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem starfar samkvæmt lögum nr. 130/2011.

13. gr. Valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt 2.9 kafla byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sem og XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Um viðurlög fer samkvæmt XIX. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, eftir sem á við.

14. gr. Gildistaka

Samþykkt þessi er samþykkt af sveitarstjórn Reykjanesbæjar og staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. 2. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 426/2005 um meðhöndlun úrgangs á Suðurnesjum.



Reykjanesbær
B.t. Önnu Karenar Sigurjónsdóttur
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ

Reykjanesbæ 31. október 2023

Efni: Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjanesbæ.

Vísað er til tölvupósts, dags. 13. f.m. þar sem drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs eru send Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja til umfjöllunar. Í erindinu er einnig að finna bollaleggingar um verklag og málsmeðferð.

Málsmeðferð.

Í XVI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er fjallað um samþykktir sveitarfélaganna. Í 2. mgr. er heilbrigðisnefnd ætlað það hlutverk að semja drög að samþykktum og leggja fyrir sveitarsjórn, sem afgreiðir þau í formi samþykktar til ráðherra.

Það er að mati embættisins góð tilhögun að sveitarfélög hafi frumkvæði að gerð samþykta í samræmi við þarfir þess hverju sinni. Fulltrúi sveitarfélagsins getur svo borið upp tillögu að samþykkt í heilbrigðisnefnd sem vinnur hana áfram og sendir að lokum sveitarsjórn.

Fyrirliggjandi tillaga að samþykkt um meðhöndlun úrgangs.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og heilbrigðisnefnd Suðurnesja hafa farið yfir drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs. Í meðfylgjandi minnisblaði eru ábendingar sem rétt þykir að koma á framfæri. Þá hefur bærinn þegar endurskoðað drögin með hliðsjón af nokkrum ábendingum sem komið var á framfæri með óformlegum hætti.

Því er hér með beint til Reykjanesbæjar að sveitarfélagið taki afstöðu til þessara ábendinga. Þegar sú afstaða liggur fyrir mun embættið leggja málið fyrir heilbrigðisnefnd Suðurnesja sem getur ákveðið að fyrirliggjandi drög verði tillaga nefndarinnar að samþykkt um meðhöndlun úrgangs fyrir Reykjanesbæ.

Virðingarfyllst


Ásmundur E. Þorkelsson, framkvæmdastjóri.

Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjanesbæ

12. gr.

„Sé um ítrekað brot að ræða skal Reykjanesbær tilkynna það til heilbrigðisnefndar Suðurnesja sem gera skal viðeigandi ráðstafanir sem fjallað er um í XVII. Kafla í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.“

Vakin er athygli á að mögulegar þvingunaraðgerðir heilbrigðisnefndar skv. lögum nr. 7/1998 eru a) áminning, b) áminning og frestur, c) stöðvun á starfsemi, d) dagsektir sem þurft hefur að endurgreiða þegar úrbótum er lokið og e) verk unnið af heilbrigðisnefnd á kostnað hins vinnuskylda. Þessar þvingunaraðgerðum verður einungis beitt að lokinni hefðbundinni málsmeðferð og augljóst er að leið c) getur ekki átt við í tilvikum af þessu tagi, enda engri starfsemi til að dreifa. Hér er um þungt, kostnaðarsamt og seinlegt ferli að ræða. E.t.v. væri vænlegra að kanna möguleikann á flokkunargjaldi sem sveitarfélagið innheimtir, sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003.

Hafa verður í huga að ákvæði hollustuháttalaga um þvingunarúrræði eru hugsuð út frá aðilum sem hafa með höndum rekstur af einhverju tagi. E.t.v. væri vænlegast til árangurs að beita leið e) líkt og þegar er gert með númerslaus ökutæki. Áður en til þess kemur þarf að útbúa málsmeðferðarreglur sem þarfnast yfirferðar sérfræðinga á sviði opinberrar stjórnsýslu.

Þessar breytingar munu útheimta mikla vinnu af hálfu heilbrigðiseftirlitsins. Því verður annaðhvort að mæta með auknum mannafla eða minni áherslu á önnur mál sem þegar eru á könnu embættisins.

14. gr.:

„Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 426/2005 um meðhöndlun úrgangs á Suðurnesjum.“

Hér er væntanlega verið að fella úr gildi samþykkt sem gildir í Suðurnesjabæ og Vogum, en viðkomandi sveitarfélög hafa ekki sett sér samþykkt um þetta málefni. E.t.v. getur Reykjanesbær fellt hana úr gildi á sínu svæði.